

EFTIRLÆTIS KLASSÍK

Giovanni Antonini, hljómsveitarstjóri
Robert Levin, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

.....
Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 18. nóvember 2010 kl. 19.30
.....

Giovanni Antonini, hljómsveitarstjóri
Robert Levin, einleikari

.....
EFTIRLÆTIS KLASSÍK
.....

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 49 í f-moll, „Passione“ (1768)

Adagio
Allegro di molto
Menuet
Finale. Presto

W.A. Mozart

Píanókoncert nr. 20 í d-moll (1785)

Allegro (kadensa: Robert Levin)
Romanze
Rondo: Allegro assai
(kadensa: Robert Levin)

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1 í C-dúr (1800)

Adagio molto – Allegro con brio
Andante cantabile con moto
Menuetto: Allegro molto e vivace
Finale: Adagio – Allegro molto e vivace



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og
síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Giovanni Antonini hefur fyrir löngu skipað sér í sess fremstu túlkenda barokk- og klassískrar tónlistar á upprunaleg hljóðfæri. Hann fæddist í Mílanó og lagði stund á blokkflautuleik með frábærum árangri, og stofnaði ásamt öðrum barokksveitina Il Giardino Armonico, sem hann hefur stýrt frá árinu 1989. Ásamt henni hefur hann komið fram sem stjórnandi og flautuleikari í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan og Suður-Ameríku. Samstarf hans við Ceciliu Bartoli hefur meðal annars leitt af sér geisladiskana *Vivaldi Album*, sem hlaut Grammy-verðlaun árið 2000, og

Sacrificium, sem kom á markað árið 2009.

Antonini hefur stjórnað fjölda sinfóníuhljómsveita víða um heim, m.a. Útvarpshljómsveitinni í Berlín, Fílharmoníuhljómsveitinni í Los Angeles og Fílharmoníuhljómsveitinni í Berlín að sérstakri beiðni Sir Simon Rattle. Nýverið hefur hann stjórnað Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Camerata Bern, Fílharmoníuhljómsveit Franska útvarpsins og Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham.

Antonini stýrði *Brúðkaupi Fígarós* við La Scala-óperuna í Mílanó 2008 og hefur auk þess stjórnað meðal annars við tónlistarhátíðirnar í Salzburg og Vínarborg. Hann hljóðritaði disk með fiðlukonsertum Vivaldis ásamt Viktoriu Mullovu sem hlaut Diapason d'Or-verðlaunin 2005 fyrir bestu barokktúlkun, og nýlega hlaut hljóðritun hans á konsertum Händels hin virtu Echo-verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda.



Robert Levin er einn mesti tónhugsuður okkar tíma og hefur vakið athygli um allan heim fyrir innblásinn og úthugsaðan flutning sinn. Hann hefur leikið einleik með helstu hljómsveitum í Atlanta, Berlín, Birmingham, Boston, Chicago, Cleveland, Los Angeles, Montreal og Vínarborg, ásamt stjórnendum á borð við James Conlon, Bernard Haitink, Sir Neville Marriner, Seiji Ozawa og Sir Simon Rattle. Hann leikur einnig gjarnan á píanó frá dögum Mozarts og Beethovens, og hefur komið fram með barokksveitunum Academy of Ancient Music, English Baroque Soloists, Handel &

Haydn Society, Orchestra of the Age of Enlightenment og Orchestre Révolutionnaire et Romantique, ásamt stjórnendum Christopher Hogwood, Sir Charles Mackerras, Nicholas McGegan, Sir Roger Norrington og Sir John Eliot Gardiner. Levin leikur reglulega á tónlistarhátíðunum í Tanglewood, Ravinia, Bremen, Lockenhaus og á Mozartvikunni í Salzburg.

Levin er ekki síst frægur fyrir túlkun sína á tónlist klassíska tímans, og flutningur hans á verkum Mozarts og Beethovens hefur hlotið fjölda verðlauna. Hann hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon, Decca, Philips, Sony Classical og ECM, meðal annars alla píanókonserta Beethovens með Gardiner, alla píanókonserta Mozarts með Hogwood, auk þess sem hann lék Ensku svítur Bachs og Vel stillta hljómborðið á Bach-heildarsafni Hänssler-útgáfunnar, sem náði yfir 172 hljómdiska.

Levin stundaði tónlistarnám hjá Louis Martin, Stefan Wolpe og Nadiu Boulanger. Eftir að hafa lokið háskólaprófi frá Harvard bauð Rudolf Serkin honum að taka við stöðu deildarforseta tónfræðadeildarinnar við Curtis Institute of Music. Hann var aðstoðarskólastjóri Fontainebleau-skólans við hlið Nadiu Boulanger frá 1979–83, prófessor við Tónlistarháskólann í Freiburg frá 1986–93 og hefur síðan gegnt stöðu prófessors við tónlistardeild Harvard-háskóla. Útgáfur Levins af verkum Mozarts og Beethovens eru fluttar víða um heim. Hann hefur meðal annars fullgert bæði sálumessu og c-moll messu Mozarts, og kadensur hans að fiðlukonsertum Mozarts hafa verið hljóðritaðar af Gidon Kremer og Vínarfilharmóníunni.



Tónleikar kvöldsins eru tileinkaðir þremur meisturum vestrænnar tónsköpunar á síðari hluta átjándu aldarinnar og fyrstu áratugum þeirrar nítjándu: Haydn, Mozart og Beethoven. Allir störfuðu þeir í Vínarborg og nágrenni og allir þekktust þeir innbyrðis: Haydn og Mozart var vel til vana og þeir léku saman strengjakvartetta í tómstundum, sá fyrrnefndi á fiðlu en hinn síðarnefndi á víólu. Beethoven lærði tónsmíðar um skeið hjá Haydn, og talið er að leiðir þeirra Mozarts hafi legið saman í Vínarborg árið 1787, áður en Beethoven neyddist til að flýta för sinni aftur til

Bonn þar sem móðir hans lá banaleguna.


Joseph Haydn (1732–1809) var elstur tónskáldanna þriggja og lagði brautina fyrir það sem á eftir kom. Vestræn tónlist stóð á tímamótum um miðja 18. öldina, þungt og alvörugefið barokkið hafði runnið skeið sitt á enda og í staðinn kom léttur, fágaður og einfaldur stíll kenndur við klassík. Haydn átti stóran þátt í að þróa hið nýja tungumál tónlistarinnar, gefa því vigt og þunga án þess að brjóta gegn þeim lögmálum einfaldleika og skýrrar hugsunar sem lágu til grundvallar.

Vatnaskil urðu á ferli Haydns vorið 1761 þegar hann var skipaður aðstoðar-tónlistarstjóri við hina vellauðugu Esterházy-hirð. Þetta var stórt skref fyrir mann sem fæddist inn í efnalitla fjölskyldu. Nú starfaði hann stóran hluta ársins í nýrri og stórfenglegri höll Nikulásar prins, sem var kölluð „Versalir Ungverjalands“, og þar hafði hann til taks fjölda framúrskarandi hljóðfæraleikara. Betri aðstöðu til sinfóníusmíða var vart hægt að hugsa sér. Síðar sagði hinn aldni Haydn við fyrsta ævisöguritara sinn, Georg Griesinger: „Prinsinn var ánægður með allt sem ég lét frá mér fara. Ég gat gengið að lofi hans vísu, og sem stjórnandi hljómsveitarinnar gat ég gert ýmsar tilraunir, fundið út hvað hefur sterk áhrif og hvað dregur úr þeim; í stuttu máli gat ég betrumbætt, og klippt út, prófað nýjar lausnir. Þar sem ég var lokaður af frá umheiminum gat enginn truflað mig eða ruglað í ríminu, og því hlaut ég að gera eitthvað frumlegt.“

Þetta voru engar ýkjur. Haydn lagði ómetanlegan skerf til tónlistarlífsins með strengjakvartettum sínum og sinfóníum, ekki síst um 1770 þegar tónlist hans tók á

síð dökkan og tilfinningaþrunginn svip, tímabil sem kennt er við „Sturm und Drang“, storm og átök. Mörg einkenni þessa stíls er að finna í *Passione*-sínfóníunni svokölluðu frá árinu 1768. Það var harla sjaldgæft á fyrstu áratugum sínfóníuformsins að semja slík verk í moll, en Haydn samdi nokkrar sem allar eru fyrirtaks tónsmíðar, til dæmis nr. 26 (*Lamentatione*), 44 (*Trauer*), 45 (*Abschied*) auk þeirrar sem hljómar í kvöld. Allar einkennast þær af döpru, harmþrungnu eða hádramatísku andrúmslofti, skarpri hendingamótun og snöggum skiptum milli ólíkra skapgerða. *Passione*-sínfónían er síðasta sínfónía Haydns í „sonata da chiesa“-stíl ítölsku barokkmeistaranna, þar sem fjórþátta formið hefst með hægum kafla og hraður fylgir í kjölfarið, öfugt við það sem síðar tíðkaðist.

Talið er að tónskáldið sjálf hafi ekkert haft með nafngiftina *Passione* að gera, en hana er að finna í handriti frá um 1780. Ekki eru fræðimenn á eitt sáttir um hvernig túlka beri yfirskriftina. Sumir vilja meina að hún vísi til tilfinningaþrungins inntaksins, en aðrir halda því fram að sínfónían hafi verið samið til flutnings á páskaföstu og sé því innblásin af pínu Krists á krossinum rétt eins og passiur Bachs og sálmar Hallgríms Péturssonar.



Það var á vordögum árið 1781 sem Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) fékk yfir sig nóg af yfirgangi vinnuveitanda síns, erkibiskupsins af Salzburg, og kaus að freista gæfunnar í Vínarborg einn og óstuddur. Nú til dags kann það að virðast léttvægt skref fyrir tónlistarmann að treysta á lausamennsku í listinni, en á tímum Mozarts var það fáheyrt að tónlistarmaður gegndi ekki föstu starfi annaðhvort hjá kirkju eða kóngi. Til að byrja með gekk honum allt í hagin. Vínarborg var miðstöð tónlistar í Evrópu og þar var ópera í hávegum höfð. Mozart hafði ávallt dreymt um að

verða óperutónskáld; ein helsta orsök óánægjunnar í Salzburg, fyrir utan almenna smæð bæjarins, var að þar var ekkert óperuhús. Mozart fékk svo að segja tafarlaust boð frá keisaranum um að semja óperu við þýskan texta – Brottnámið úr kvennabúrinu – og braut þar með blað í sögu þýskrar óperu þótt undirtektirnar væru raunar misjafnar fyrst um sinn.

En Mozart hafði fleira að starfa í Vínarborg fyrstu árin. Hann hélt nokkra stóra tónleika á eigin vegum, svokallaðar akademíur, þar sem hann flutti glæný verk sín með hljómsveit og lék að auki einleik á píanó. Slíkir tónleikar voru áhættusamir: tónskáldið þurfti að leigja bæði hljómsveit og sal, en gat líka hirt allan gróðann ef einhver var. Með þessu móti þénadi Mozart dágóðar fúlgur árin 1785 og 1786, enda naut tónlist hans mikilla vinsælda og hann gat leyft sér að lifa hátt. Það var ekki fyrr en árið 1788 sem verulegt strik kom í reikninginn, Austuríkiskeisari gekk í stríðsrekstur með Rússum og í kjölfarið skall á efnahagskreppa sem setti mark sitt á listalíf borgarinnar.


Alkunna er að Mozart samdi tónlist á ógnarhraða, og það á ekki síst við um árin þegar hann naut hvað mestra vinsælda. Hann færði nýjan píanókonsert í d-moll í verkaskrá sína 10. febrúar 1785 og frumflutti hann daginn eftir, í Mehlgrube-spilavítinu í Vínarborg. Honum hlýtur að hafa verið mikið í mun að flutningurinn gengi að óskum, því að Leopold faðir hans var staddur í borginni um þetta leyti. Leopold færði Nannerl dóttur sinni fregnir af dvölinni í bréfi:

D-moll konsert Mozarts hefur hljómað oft en flestir aðrir á tónleikum á Íslandi. Meðal þeirra sem setið hafa við flygilinn með SÍ má nefna Gísli Magnússon í Þjóðleikhúsinu í mars 1960 og Christinu Ortiz í Háskólabíói haustið 1997. Fyrstur til að flytja konsertinn hér á landi var Emil Thoroddsen, sem lék hann í Gamla bíói í maí 1928, ásamt Hljómsveit Reykjavíkur undir stjórn Páls Ísólfssonar.

Ég heyrði stórkostlegan nýjan píanókonsert eftir Wolfgang, sem nótnaskrifarinn var enn að vinna að þegar við komum í bæinn. Bróðir þinn hafði ekki einu sinni tíma til að spila rondóíð í gegn þar sem hann þurfti að hafa umsjón með því að hljómsveitartarnir væru skrifaðir út.

Píanókonsertinn K. 466 er einn af einungis tveimur konsertum Mozarts sem eru í moll, og af þessum tveimur er hann sá dramatískari. Það kemur ekki á óvart að hinn ungi Beethoven hafi lært mikið af því að leika þetta verk, enda gætir áhrifa þess víða í verkum yngri meistarans. Beethoven samdi tvær kadensur við konsertinn sem enn í dag eru leiknar oft en flestar aðrar. D-moll konsertinn var líka einn fárra eftir Mozart sem hélt velli alla níttjándu öldina, þegar oft var litið á tónlist Mozarts sem saklausan og innihaldslítinn undanfara Beethovens.

Hér er ekki úr vegi að fjalla örlítið um fyrirbærið kadensu. Í konsertum klassíska tímans gerist það iðulega undir lok fyrsta þáttar að hljómsveitin hættir leik á ákveðnum hljómi og einleikarinn heldur áfram einn síns liðs um skeið. Í kadensunni gefst sólistanum færi á að baða sig í sviðsljósinu, að sýna færni sína án þess að taka tillit til samspils við hljómsveitina, og þessir einleikskafar voru ávallt spunnir af fingrum fram. Það var einungis í undantekningartilvikum sem að Mozart hafði fyrir því að festa kadensurnar á blað, enda í sjálfu sér ástæðulaust nema þegar hann vildi leyfa nemendum sínum að spreyta sig á nýju verki, eða senda systur sinni og föður í Salzburg nákvæmari útlistun á því sem fram hafði farið á tónleikunum. Flest tónskáld 19. aldarinnar skrifuðu aftur á móti sínar eigin kadensur í nóturnar, og smám saman komst sú regla á að flytja einnig fyrirfram samda einleiksúbta í konsertum Mozarts og Haydns. Við það glatast sú spenna sem fylgdi verkunum upphaflega, þegar útkoman var með öllu ófyrirséð. Á tónleikunum í kvöld fer Robert Levin gömlu leiðina og spinnur kadensur fyrsta og þriðja þáttar af fingrum fram, rétt eins og Mozart gerði á sinni tíð.



Þegar Ludwig van Beethoven (1770–1827) hélt frá Bonn til Vínarborgar síðla árs 1792 var honum efst í huga að komast í læri hjá meistara Haydn. Mozart hafði fallið frá árið áður og eflaust hefur Beethoven harmað andlát hans meira en flestir aðrir. Hann kunni auk þess illa við sig í tónsmíðatímunum hjá Haydn, sagði síðar súr í bragði að þar hefði hann aldrei lært nokkurn skapaðan hlut. Hvað sem því líður lærði Beethoven ýmislegt af fyrirrennara sínum, þótt líklega hafi kontrapunktstímarnir skipt minna máli en fyrirmyndirnar sem finna mátti í tónsmíðunum sjálfum.

Beethoven var tekið opnum örmum í Vínarborg og þar kynntist hann fjölmörgum lista- og fræðimönnum sem lögðu sitt af mörkum til að ferill unga mannsins gæti blómstrað. Fyrstu sinfóníuna tileinkaði hann Gottfried van Swieten, sem var náinn vinur bæði Mozarts og Haydns, bókavörður við konungshirðina og sérstakur áhugamaður um tónlist Bachs og Händels. Án áhrifa Swietens hefði *Töfraflauta* Mozarts tekið á sig allt aðra mynd, svo ekki sé minnst á óratóriur Haydns, og víst er að hinn ungi Beethoven hefur dregið margvíslegan lærdóm af samvistunum við þennan fjölfróða frímúrara.

Fyrsta sinfónían hefst á dæmigerðum brandara úr forðabúri Haydns. Upphafshljómarnir tveir ættu frekar að enda kaflann heldur en byrja hann; á músíkmáli segja þeir „Úti er ævintýri“ en ekki „Einu sinni var.“ Beethoven bætir um betur, endurtekur samskonar hljóma en á nýjum stað, leiðir okkur sífellt fjær frá áfangastaðnum, C-dúr, eftir því sem tónlistinni vindur áfram. Þetta sama bragð hafði Haydn notað nokkrum sinnum í strengjakvartettum sínum; kannski má líkja áhrifunum við að stíga upp í vitlausan strætó. Beethoven nýtur þess að skauta um víðan völl hvað tóntegundirnar snertir, þar til hann loksins kemst á leiðarenda og setur upp hraðara tempó. Allegró-hlutinn er hraður og fjörugur, en um miðbikið bregður fyrir dökkum og dularfullum hljómunum sem sýna að tónskáldið unga hafði ekki aðeins legið yfir hljómsveitarverkum Haydns, heldur einnig lært ýmislegt af verkunum sem Mozart samdi undir lok ævinnar.

Hægi þátturinn er hógvær og settlegur; einnig hér minnir yfirbragðið á Haydn. Strengirnir bætast við hver af öðrum með þokkafullt stef, en í úrvinnslunni sýnir

Fyrsta sinfónía Beethovens hljómaði síðast í flutningi SÍ í janúar 2000 undir stjórn Ricos Saccani, en áður hafa m.a. stýrt hljómsveitinni í verkinu þeir Páll Ísólfsen (1958), Ragnar Björnsson (1969) og Klauspeter Seibel (1986). Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur einnig flutt sinfóníuna og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék hana á fyrstu tónleikum sínum árið 1993.

Beethoven hvað í honum býr og flakkar yfir í óskyldar tóntegundir með miklu hugarflugi. Þriðji kaflinn er án efa frumlegastur þeirra allra. Hann er menúett að nafninu til, en austurrískir aðalsmenn hefðu átt erfitt með að stíga svo hraðan dans með nokkrum þokka. Líkt og í síðari sinfóníum Beethovens er þetta *scherzo*, eða brandari, gamansamur og ógnarhraður kafli þar sem mikið er gert úr óvæntum upþákomum og hlustandinn veit aldrei með vissu hvað biður handan við næsta horn. Hér eru það helst sífelldar krappar beygjur í tóntegundir sem finnast ekki einu sinni á kortinu þegar farið er af stað í C-dúr – ekki síst Des-dúr, sem hefur yfir sér gjörólíkan blæ.

Það gerðist sjaldan að lokabættir byrjuðu með hægum inngangi, þótt það væri alvanalegt við upphaf tónverka. Hjá Beethoven er tilgangurinn einungis sá að koma enn einum brandaranum að. Eftir tilþrifamikið upphaf er eins og fiðlurnar týnist í fimmta takti, fari rækilega út af sporinu. Þær feta sig hikandi upp tónstigann, bæta við einni nótu í hvert skipti, og að lokum kasta þær sér í djúpu laugina. Þá verður ekki aftur snúið, enda þeytist tónlistin áfram með hröðum tónstigum og blaðskellandi fjöri allt til síðasta tvístriks. Þessi fyrsta sinfónía hins 29 ára gamla Beethovens er í senn staðfesting á ótvíræðum gáfum hans – með slíkri sinfóníu stóðu honum allir vegir færir í stórborginni – og um leið fyrirboði þeirra miklu sigra sem hann átti eftir að vinna með sinfóníunum átta sem enn biðu þess að vera festar á blað.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON



Balletttónlist Prokofievs við Rómeó og Júlíu er eitt hans ástsælasta verk, en forráðamenn Bolsjoj-ballettsins höfðu allt á hornum sér þegar þeir heyrðu tónlistina í fyrsta sinn. Þetta var ástæða þess að tónskáldið setti saman hinar vinsælu ballettsvítur sem hafa síðan farið sigurför um heiminn. Prokofíev vildi snerta hjörtu hlustenda með tónlist sinni og sagði meðal annars: „Ef fólki tekst ekki að finna laglínur og tilfinningu í þessu verki mun ég taka það mjög nærri mér – en ég er raunar fullviss um hið gagnstæða.“

Á tónleikunum 25. nóvember flytur Sinfóníu-hljómsveitin úrval frægra þátta úr ballettsvítunum undir stjórn hins frábæra bandaríska hljómsveitarstjóra James Gaffigan. Hann er nú í þann mund að taka við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Luzern, en var áður aðstoðarmaður Michaels Tilson Thomas í San Francisco og hreppti fyrstu verðlaun í Solti-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2004. Þættirnir úr Rómeó og Júlíu sem leiknir verða á tónleikunum eru sem hér segir: Montag og Kapúlett; Júlía yngismær; Grímuball; Rómeó og Júlía; Dauði Tíbalts; Rómeó og Júlía á kveðjustundu; Rómeó við gróf Júlíu; Dauði Júlíu.

Á tónleikunum verður einnig flutt tónverkið Elskhuginn, eða Rakastava, eftir Jean Sibelius, auk þess sem Helga Þóra Björgvinsdóttir leikur einleik í fiðlukonsertinum eftir Felix Mendelssohn, sem er einn sá dádasti sinnar tegundar. Helga Þóra lauk framhaldsnámi í fiðluleik í Berlín hjá Isabelle Faust með hæstu einkunn og hefur undanfarin ár sótt einkatíma í París. Hún hlaut frábærar viðtökur þegar hún lék fiðlukonsert eftir Martinu með SÍ snemma árs 2009 og nú snýr hún aftur með Mendelssohn í farteskinu.



Það er óhætt að lofa magnaðri upplifun á tónleikunum 2. desember, þegar einn eftirtektarverðasti hljóm-sveitarstjóri nútímans fer höndum um hina stórbrotnu fimmtu sínfóníu Mahlers. Rússneski stjórnandinn Vasily Petrenko hefur lagt heiminn að fótum sér á síðustu árum; hann gegnir stöðu aðalstjórnanda Konunglegu filharmóníunnar í Liverpool og stýrir reglulega hljómssveitum í Lundúnum, Boston, París og víðar. Hljóðritun hans á Manfreð-sínfóníu Tsjajkovskijs hlaut hin virtu Gramophone-verðlaun sem besti hljómssveitardiskur ársins 2009.

Það var einmitt að loknum flutningi Petrenkos á fimmtu sínfóníu Mahlers í Lundúnum árið 2008 sem David Fanning, gagnrýnandi The Telegraph, skrifaði í gagnrýni sinni: „Af öllum túlkunum á verkinu sem ég hef heyrt um ævina hafa fáar verið jafn sannar, og engin verðskuldað betur þrumandi lófatakið í lokin en einmitt þessi.“

Auk fimmtu sínfóníu Mahlers, sem er samin fyrir risavaxna hljómssveit með stækkuðum blásara- og slagverksdeildum, verður einnig á efnisskránni Ófullgerða sínfónían eftir Franz Schubert. Enginn veit hvers vegna Schubert lagði frá sér þetta verk hálfklárað í október 1822, sex árum fyrir dauða sinn. Eftir stendur hálf sínfónía sem þó er ríkari að innihaldi en margar heilar, enda er hún eitt frægasta tónverk sögunnar og ekki að ástæðulausu. Vakin er athygli á því að einungis eru örfá sæti laus á tónleikana 2. desember og því vissara að festa sér sæti strax.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 18. NÓVEMBER 2010

1. fiðla

Sif Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

Klarinett

Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Joseph Ognibene
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

Semball

Guðrún Óskarsdóttir

Pákur

Frank Aarnink

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT



LJÓÐ / HLJÓÐ / MYND



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands

